



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 6/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla varðandi upplýsingaskyldu  
fjármálafyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

## REGLUR

um tæknilega staðla varðandi upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að veita upplýsingar um áhættuþætti, áhættustýringu og eiginfjárstöðu, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og VIII. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

### 2. gr.

#### *Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki skal birta þær upplýsingar um eiginfjárgrunn sem koma fram í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013 frá 20. desember 2013, sbr. 3. gr. þessara reglna, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni.

Fjármálafyrirtæki, sem er alþjóðlega kerfislega mikilvægt fyrirtæki, skal birta upplýsingar um þau viðmið sem notuð eru til að tilgreina alþjóðlega mikilvæg fyrirtæki sem koma fram í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 frá 29. september 2014, sbr. 3. gr. þessara reglna, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni.

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka, skal birta þær upplýsingar um eiginfjárukann sem koma fram í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555 frá 28. maí 2015, sbr. 3. gr. þessara reglna, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni.

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar um vogunarhlutfall sem koma fram í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 frá 15. febrúar 2016, sbr. 3. gr. þessara reglna, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni.

### 3. gr.

#### *Birting tæknilegra staðla.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013 frá 20. desember 2013, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi gagnsæi vegna eiginfjárfrafna fjármálafyrirtækja.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 frá 29. september 2014, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi samræmd form og dagsetningar vegna birtingar gilda sem notuð eru til að tilgreina alþjóðleg kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555 frá 28. maí 2015, til viðbótar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna birtingar upplýsinga í tengslum við skyldu fjármálafyrirtækja til að viðhalda sveiflujöfnunarauka.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 frá 15. febrúar 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga um vogunarhlutfall fjármálafyrirtækja.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013 og 1030/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555 og 2016/200 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465400912880&uri=CELEX:32013R1423> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465465931561&uri=CELEX:32014R1030> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465401066273&uri=CELEX:32015R1555> og

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465400995772&uri=CELEX:32016R0200>.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í b-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.*